

Fréttir úr Tungumálaveri

Frühling ist wiedergekommen. Die Erde ist wie ein Kind, daß Gedichte weiß. Rainer Maria Rilke



MAN FØDES

Man fødes,
man skriger,
man diger,
man vandrer,
og nogen bliver piger,
og andre bliver hanner.
Man famler med sproget,
bekendtskaber stiftes.
Så bliver man
forelsket,
forlovet,
forgiftet!

Halvdan Rasmussen

Innritun

Skólar eru beðnir um að skrá nemendur á þeirra vegum í norsku, pólsku og sænsku inn í kerfið. Á myndbandi á skráningarsíðu Tungumálavers er sýnt hvernig hægt er að nýskrá nemendur og flytja upplýsingar um nemendur á milli ára. Í fyrsta sinn sem tengiliður skráir upplýsingar í kerfið þarf hann að skrá upplýsingar um skólann. Eftir að grunnupplýsingar hafa verið skráðar er hægt að velja þjónustu og skrá nemendur. Tengiliður og skólastjóri hafa aðgang að upplýsingum um skráningu frá eigin skóla.

Þóknun

Þóknun fyrir þjónustuna hefur verið óbreytt frá árinu 2007, en hækkar um 7% á næsta ári. Þóknun fyrir netnám og staðnám hækkar því úr 45.500 í 48.500 og stofngjald fyrir kennsluráðgjöf hækkar úr 27.500 í 29.500 fyrir hvern árgang og verður 2.950 fyrir hvern nemanda.

Velkomin í heimsókn

Starfsmenn versins vilja hitta fulltrúa samstarfsskóla. Komið í heimsókn þegar ykkur hentar. Það á einnig við um starfsmenn skóla og forsvarsmenn sveitarfélaga og skóla-skrifstofa sem hafa hug á ganga til samstarfs við verið um ofangreinda þjónustu.

Starfsemin er þrjúþætt

Kennsluráðgjöf í norsku og sænsku fyrir kennara og leiðbeinendur sem hafa umsjón með nemendum í 7. og 8. bekk á landsbyggðinni.

Netnám/fjarkennsla í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í 9./10. bekk frá öllu landinu.

Staðnám í norsku, sænsku og pólsku fyrir nemendur í 7. og 8. bekk í Reykjavík og nágrenni.

Nemendur eru um 250 í 25 sveitarfélögum.



Ábm. Brynhildur Anna Ragnarsdóttir
brynhildur.a.ragnarsdottir@reykjavik.is

Tungumálakennslan í maí

Tungumálanám er skemmtilegt!

Orð og hugtök sitja betur í minninu þegar þau hafa verið eru tengd athöfnum og leikjum.

Förum út í vorið með tungumálakennsluna: **sækjum umhverfið** inn í kennslustofuna með myndavélum og teikningum, **förum í ratleik** með farsímum, æfum orðaforða, orðtök og tilsvör í **hringekjum** á skólalóðinni og **útbúum leiðsögn** um nánasta umhverfi fyrir erlenda gesti.



Námsmat á forsendum nemenda

Munnlegt mat í **útikennslu** A1 - A2
Mat á **munnlegri færni** á stigi A1 - B1
Hóppróf í 9. - 10. bekk A2 - B1
Heimapróf í **ensku** og **dönsku** A2- B2
Möppupróf í **ensku** og **dönsku** A2- B2

Úr verinu

Muna eftir að færa einkunn úr norsku, sænsku og pólsku með öðrum einkunnum nemenda.

Tungumál	Dagur	Staður	Tími
Norska 7./8.	15. maí	Laugalækjarskóli	15:30—16:50
Norska 7./8.	10. maí	Árbæjarskóli	15:30—16:50
Norska 9./10.	10. og 11. maí	Rafrænt á netinu	Tveggja tíma próf
Pólska 7./8.	15. maí	Laugalækjarskóli	15:45 – 17:05
Pólska 7./8.	16. maí	Fellaskóli	15:30 – 16:50
Pólska 9./10.	7.—11. maí	Rafrænt á netinu	Tveggja tíma próf
Sænska 7./8.	15. maí	Laugalækjarskóli	15:30—16:50
Sænska 7./8.	16. maí	Hagaskóli	15:05—16:25
Sænska 9./10.	7.- 11. maí	Rafrænt á netinu	Tveggja tíma próf

Af vettvangi

Námskeið fyrir dönskukennara á Glym 11. og 12. maí.

Ráðstefna FEKÍ: *Making sense through writing.*

An international conference for everyone in language education June 7 – 9, 2012.

Leikur, nám og skemmtun á íslensku fyrir íslensk börn sem búa í útlöndum: sjá <http://skoli.eu>